



## SAMÞYKKI

### FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN LÁNSHÆFISMATS OG FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA

Umsækjandi/umsækjendur veitir Íbúðalánasjóði kt. 661198-3629 fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.\* og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil. Einnig veitir umboðið Íbúðalánasjóði heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, s.s. fasteigna- og ökutækjæign, í gagnagrunna þriðja aðila.

Umboð þetta veitir Íbúðalánasjóði einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánsþæfismat\* (áhættumat) mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánsþæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo býr yfir, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. hverjir hafa sótt slíkar upplýsingar), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánsþæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánsþæfismats.

Umsækjandi/umsækjendur samþykkir og heimilar að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti, enda hafi Íbúðalánasjóður lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.

Afturköllun umboðs þessa skal taka gildi 30 dögum eftir að Íbúðalánasjóður hefur sannanlega mótttekið afturköllun undirritaðs/undirritaðrar og/eða þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Íbúðalánasjóður heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem umboð þetta tekur til.

---

Staður/dagsetning

---

Nafn og kennitala